

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf – athafnasvæði.

Í tillögunni felst að skipulagsmörk breytast þar sem ný lega Arnarnesvegur hefur færst til austurs. Stærð skipulagssvæðisins eftir breytingu er 22 ha. Við gatnamót Vatnsendavegar og Tónahvarfs er gert ráð fyrir nýju hringtorgi í stað krossgatnamóta. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag Vatnsendahvarfs – athafnasvæðis með síðari breytingum. Umrætt deiliskipulag Arnarnesvegur og breytt deiliskipulag Tónahvarfs 2 var auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingu þessari.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hörðuvellir. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hörðuvelli.

Í tillögunni felst að breyta mörkum skipulagssvæðis Hörðuvalla í samræmi við deiliskipulag fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegur sem auglýst er samhliða þessari deiliskipulagsbreytingu. Þar sem gert er ráð fyrir brú eða undirgöngum undir Arnarnesvegur rétt norðaustan hringtorgs við Rjúpnaveg geta göngu- og hjólastígar færst nær íbúðarbyggð við Desjakór. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag Hörðuvalla með síðari breytingum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 27. október 2022.

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. október 2022